


Tilraunaverkefni

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlunargerð 2012

Innkaup safnefnis á Borgarbókasafni Reykjavíkur skoðuð út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð



Inngangur

Heiti verkefnisins er Innkaup safnefnis á Borgarbókasafni skoðuð út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Í teyminu voru Ingvi Þór Kormáksson og Kolbrún Hauksdóttir sem var teymisstjóri. Í vinnuhópi voru Inga Erlingsdóttir og Katrín Gunnarsdóttir.

Eigandi verkefnisins er Svanhildur Konráðsdóttir sviðstjóri Menningar- og ferðamálasviðs.

Niðurstöður

Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar í samræmi við gildandi lög um almenningsbókasöfn.

Leiðarljós til 2012

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum heimsins hvað varðar búnað og þjónustu og eflni menningu í fjölbreyttu og alþjóðlegu umhverfi. Starfsemi safnsins einkennist af víðsýni og virðingu.

5. Safnkostur uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina

Leiðir:

Safnkostur uppfylli kröfur um gæði og fjölbreytni bæði hvað varðar efni og form (prentað, rafrænt)

Safnkostur miðist við almenning á öllum aldri og af ólíkum uppruna

Stærsti hluti safnkostsins sé til útláns en aðstaða sé í safninu til að nýta annað efni

Fylgst sé vel með útgáfu innan lands og utan

Þátttaka starfsmanna og borgarbúa í vali á safnkosti stuðli að fjölbreytni

Sérfræðingar séu fengnir til aðstoðar við val á safnefni eftir þörfum

Velta safnkosts sé góð.

Kafli úr yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn.

- Almenningsbókasafnið er upplýsingamiðstöð á hverjum stað og veitir notendum sínum aðgang að alls kyns þekkingu og upplýsingum.
- Þjónusta almenningsbókasafns er veitt á grundvelli jafnræðis og jafnrar aðstöðu allra manna án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu.
- Sérstaka þjónusta og efni skal hafa á boðstólum fyrir þá sem ekki geta nýtt sér reglubundna þjónustu bókasafnsins af einhverjum orsökum, til dæmis minnihlutahópa, fatlaða og fólk á sjúkrastofnunum eða í fangelsum.
- Allir aldurshópar skulu finna efni sem svarar þörfum þeirra. Safnkostur og þjónusta þurfa að taka til allra miðlunarforma og nútímatækni ekki síður en hefðbundinna gagna. Frumskilyrði er að safnkostur sé í háum gæðaflokki og henti aðstæðum á hverjum stað. Safnefni verður að endurspeglar strauma og stefnur í þróun þjóðfélags og geyma jafnframt minningar um hugvit og ímyndunarafli mannsins.
- Safnkostur og þjónusta eiga hvorki að lúta hugmyndafræðilegri, stjórnmálalegri eða trúarlegri ritskoðun né þrýstingi frá viðskiptalegum hagsmunaaðilum.

Markmið

Markmið verkefnisins var að athuga hvort mismunur væri á innkaupum eftir kyni höfunda.

Kynjuð markmið voru þau að athuga hvort mismunur væri á innkaupum samanber lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Markmiðið náðist að því leyti að hægt var að finna tölulegar upplýsingar bæði um fjölda titla og eintaka sem keypt voru sem og kyn höfunda.

Verkefni

Skoðuð voru innkaup á skáldverkum á íslensku, þýddum og frumsömdum, árin 2010 og 2011 með það í huga hvort mismunur væri á innkaupum eftir kyni höfunda.

Ekki voru skoðuð fræðirit, tímarit, harðspjaldabækur fyrir ungbörn, hljóðbækur og ekki rit á erlendum málum.

Skoðuð voru Bókatíðindi 2010 og 2011 og skráði vinnuhópur gögnin. Þá voru einnig skoðuð gögn úr Gegni, bókasafnskerfi safnsins, og þaðan fengnar upplýsingar um fjölda eintaka af hverjum titli.

Niðurstöður verkefnisins

Á Borgarbókasafni er sérstakt teymi, bókvalsteymi, sér um val á bókum á íslensku. Í teyminu eru fulltrúar allra deilda safnsins og er það í dag skipað þremur körlum og tveimur konum.

Árið 2010 komu út 111 titlar eftir konur og 175 eftir karla. Keypt voru 2136 eintök eftir konur eða að meðaltali 19,24 eintök af hverjum titli, 2582 eintök eftir karla eða að meðaltali 14,75 eintök.

Árið 2011 komu út 112 titlar eftir konur og 173 eftir karla. Keypt voru 1960 eintök eftir konur eða að meðaltali 17,5 eintök af hverjum titli, 2645 eintök eftir karla eða að meðaltali 15,29 eintök.

Þarna er kemur fram örlítill mismunur á innkaupum eftir kyni. Hann er óverulegur og útgáfan eftir kyni nokkurn veginn eins bæði árin sem tekin voru fyrir.

Fjöldi bóka sem koma út eftir karla er fleiri en kvenna. Talsvert af þeim ritum er utan þess sem kalla má meginstraumsbókmenntir. Þar á meðal finnast alls konar sérviskulegar útgáfur og undarlegar hugsmíðar sem ekki eru keyptar í miklu magni sem skýrir að hluta til færri keypt eintök. Þá komu út fleiri endurútgáfur eftir karla og einnig fleiri ljóðabækur en af þeim eru ekki heldur keypt mörg eintök. Til dæmis komu út árið 2010 tuttugu og átta ljóðabækur eftir karla en sjö eftir konur.

Til fróðleiks:

Í Rithöfundasambandinu eru konur 39% en karlar 61%.
33% þeirra sem eiga skírteini í Borgarbókasafni eru karlar.

Samkvæmt því sem þessi könnun leiðir í ljós er ekki hægt að sjá að í innkaupum Borgarbókasafns sé gerður greinarmunur eftir kyni höfunda. Að minnsta kosti er hægt að rökstyðja þann litla mun sem sjáanlegur er.

Álitaefni

Námskeiðin voru gagnleg sem og fundirnir.

Fróðlegt var að skoða bókaútgáfuna frá öðru sjónarhorni en venjulega þótt niðurstöður verkefnisins hafi orðið eins og búast mátti við.

Ekki er að sjá að þörf sé að vinna áfram með verkefnið en gagnlegt gæti verið að fylgjast með innkaupum í þessu tilliti af og til.

September 2012

Ingvi Þór Kormáksson
Kolbrún Hauksdóttir